

Fimmtudaginn 14. apríl 1988.

Nr. 332/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Grétari Pétri Sigurðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 23. október 1987 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að staðfesta hann.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Grétar Pétur Sigurðsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. október 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 15. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 582/1987: Ákærvaldið gegn Grétari Pétri Sigurðssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 7. þ.m. á hendur ákærða Grétari Pétri Sigurðssyni, áður að Goðheimum 18 í Reykjavík, nú að Miðstræti 22 í Vestmannaeyjum, fæddum 19. maí 1959 í Reykjavík.

Í ákærinni segir að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir þjófnað

með því að hafa þriðjudaginn 18. ágúst 1987 stolið myndsegulbandi af gerðinni Sharp og myndlykli á heimili Sigurðar Jónssonar, Vesturvegi 25, Vestmannaeyjum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Ákærði Grétar Pétur Sigurðsson kom að heimili Sigurðar Jónssonar að Vesturvegi 25b í Vestmannaeyjum síðla kvölds þriðjudaginn 18. ágúst sl. í fylgd með Hólmsteini Þorsteinssyni, sem þá dvaldi að Miðstræti 22 í Vestmannaeyjum. Voru báðir töluvert ölvaðir að sögn ákærða. Hús Sigurðar reyndist ólæst og fóru þeir félagar inn og biðu Sigurðar. Eftir stutta viðdöl hélt ákærði á brott og tók um leið með sér myndbandstæki af gerðinni Sharp og myndlykil af gerðinni Philips. Hélt ákærði með þetta að Miðstræti 22. Þegar Sigurður kom heim saknaði hann tækjanna og tilkynnti lögreglunni, að þeim hefði verið stolið.

Hólmsteinn varð eftir í íbúð Sigurðar þegar ákærði fór þaðan og var þar einn sofandi þegar þrír menn komu að spyrja eftir Sigurði. Hélt hann þá á brott. Sögðu mennirnir Sigurði frá veru Hólmsteins í íbúðinni og leiddi það til þess að lögreglumenn héldu að Miðstræti 22 og fundu tækin þar undir sófa í stofu. Ákærði var staddur hjá Hólmsteini þegar lögreglumennirnir komu þangað. Ákærði hefur við meðferð málsins játað brot sitt.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði nam á brott áðurgreinda hluti og hefur með því framið þjófnað, sem varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærða.

[Sakavottorð tilgreinir 8 dóma frá árunum 1978 - 1986, hinn síðasta frá 8. des. 1986, 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, ennfremur 6 sáttir um greiðslu sekta fyrir ýmis brot.]

Refsing.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af sakaferli hans, en hann hefur nokkrum sinnum áður verið dæmdur fyrir þjófnaði. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Grétar Pétur Sigurðsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 14. mars 1988.

Nr. 96/1988. **Anna Þorgrímsdóttir**

gegn

Ingibjörgu Haraldsdóttur

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp hinn kærða úrskurð á bæjarþingi Reykjavíkur 25. mars sl. í vitnamáli, sem þar var þingfest sama dag eftir beiðni varnaraðila dags. 15. s.m. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo:

„Vitnastefnanda er veittur umbeðinn frestur til að leiða greind vitni til 22. apríl 1988 kl. 10.00.“

Sóknaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, með yfirlýsingu við uppkvaðningu hans. Í greinargerð 28. mars sl., er barst Hæstarétti ásamt skjölum málsins 30. s.m., gerir hann þær dómkröfur, að úrskurðinum verði hrundið og varnaraðila synjað um frekari frest. Hann krefst og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Afstöðu varnaraðila til úrskurðarins er að nokkru lýst í bréfi til